



Kæru dönskukennarar

Við í stjórn félagsins óskum ykkur gleðilegs árs með þökk fyrir það liðna.

Aðalfundur

Aðalfundur Félags dönskukennara verður haldinn í Kennarahúsinu við Laufásveg miðvikudaginn 25. febrúar 2015 kl. 20.00. Dagskrá verður send út síðar.



Fagráðstefna FDK í mars

Annað hvert ár stendur Félag dönskukennara fyrir ráðstefnu og hefur það mælst sérlega vel fyrir. Ráðstefnan verður haldin í Háskólanum í Reykjavík, föstudaginn 20. mars frá kl. 15.00 -17.00. Dagskráin verður auglýst síðar, en hún verður spennandi fyrir kennara á báðum skólastigum.

Léttar veitingar í boði eftir að dagskrá lýkur.

Norræna húsið

Félagið vill vekja athygli á því að í þessum mánuði tók nýr forstjóri Norræna hússins til starfa. Það er Daninn Mikkel Harder. Hann hefur m.a. verið stjórnandi Kvikmyndahátíðar Kaupmannahafnar, áður yfirmaður útvarpsleikhúss DR og leikhússtjóri Kaleidoskop. Sjá nánar á [heimasíðu](#) Norræna hússins.

Digits og apps i undervisningen

Hagnýtt og spennandi námskeið á vegum Nordspråk verður haldið í miðborg Kaupmannahafnar frá morgni fimmtudags þann 9. apríl fram að hádegi laugardags 11. apríl. Dagskráin hefur verið endurbætt og lengd og námsskeiðsgjaldið er mun lægra, eða 2.950,- dkr.

Skráningarfrestur er til 3. mars. Skráning á heimasíðu [Nordspråk](#), en þar má einnig sjá dagskrána.



Félagsgjöldin

Okkur í stjórninni er farið að líða eins og Kató gamla sem endaði allar ræður sínar í öldungaráðinu á því að leggja til að Karþagó yrði lögð í eyði. Við viljum enn og aftur minna á félagsgjöldin sem skila sér mjög hægt inn. Það stendur starfsemi félagsins fyrir þrifum. Við skorum því á ykkur kæru félagsmenn sem enn eiga eftir að borga félagsgjöld fyrir árið 2014 að bregðast nú hratt og snöggvið við og þá getum við hætt þessum söng.

Nordspråk

Nordspråk hefur opnað nýja og glæsilega [heimasíðu](#), en þar er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar varðandi kennslu Norðurlandamála.

Við hvetjum ykkur til að fylgjast með líflegri Facebook-síðu dönskukennara, en þar deilir fólk ýmsu sem viðkemur dönskukennslunni. Félagar á síðunni eru nú 272 talsins.